

# Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](http://mbl.is) FINNAQ

[atvinna@mbl.is](mailto:atvinna@mbl.is) • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, [berglindb@mbl.is](mailto:berglindb@mbl.is), 569 1246



## Sérfræðingur í greiningum og fjárfestingum

Stoðir leita að kraftmikilli manneskju í starf sérfræðings í greiningum og fjárfestingum en meðal verkefna eru greiningar og þróun fjárfestingakosta, verðmöt, gerð fjárfestakynninga og framsetning gagna. Starfið er fjölbreytt og spennandi á vinnustað þar sem lögð er áhersla á fagmennsku og vönduð vinnubrögð.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Góð þekking á greiningum og framsetningu gagna
- Að lágmarki þriggja ára reynsla af sambærilegum störfum
- Brennandi áhugi á fjármálamörkuðum og rekstri fyrirtækja
- Samskipta- og skipulagshæfni
- Mjög góð enskukunnátta
- Geta til að vinna undir álagi

## STOÐIR

Stoðir hf. er fjárfestingarfélag í meirihlutaeigu einkafjárfesta, sem fjárfestir til langs tíma á Íslandi og erlendis. Félagið er stór hluthafi í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, Arion banka, Kviku banka, Símanum, First Water, Arctic Adventures og Bláa Lóninu auk nokkurra minni fjárfestinga. Langtímamarkmið Stoða er að auka verðmæti hluthafa með virkri aðkomu og fjárfestingum í fáum, stórum verkefnum. Nánari upplýsingar á [stodir.is](http://stodir.is).



Sótt er um starfið á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is).

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)



Þátttakandi í íslensku  
atvinnulífi í meira en 50 ár



## Við færum fólki birtu, yl og vatn – viltu vera með?



HS VEITUR

HS Veitur eru framsækið þekkingar- og þjónustu-fyrirtæki í veitustarfsemi sem telst til mikilvægra innviða. Hjá HS Veitum starfa um 100 starfsmenn á fjórum starfsstöðvum sem sinna margvíslegum störfum. Fyrirtækið þjónar mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins og eru íbúar á veitusvæði HS Veitna tæplega 90 þúsund.

Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri líðsheild og virðingu í samskiptum.

Framundan eru spennandi tímar vegna íbúa-fjölgunar og atvinnuuppbyggingar á veitusvæðinu auk framþróunar í orkuskiptum, tækniþróunar og snjallvæðingar.

### Störf í boði

- Svæðisstjóri Suðurlands
- Verkstjóri rafmagns í Hafnarfirði og Garðabæ
- Verkstjóri rafmagns á Suðurnesjum
- Tæknistjóri rafmagns
- Tæknistjóri vatns og hitaveitu

Allar umsóknir fara í gegnum ráðningarvef Alfreðs nema annað sé tekið fram.

Sjá nánar hér  
hsveitur.is/störf



## Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa

Rangárþing eystra auglýsir laust til umsóknar 100% starf aðstoðarmanns byggingarfulltrúa. Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa starfar með skipulags- og byggingarfulltrúa við almenna meðferð byggingarmála samkvæmt lögum um mannvirki svo sem við móttöku og yfirferð séruppdráttu, úttektir, mælingar, samskipti við umsækjendur, hönnuði, stofnanir og fleira. Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til þess að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Úttektir og eftirlit með byggingum og framkvæmdum.
- Yfirferð aðal- og séruppdráttu.
- Skráning mannvirkja, fasteigna og landeigna í skráningarforriti Fasteignaskrár.
- Umsagnir vegna rekstrar- og starfsleyfa.
- Skráningar í Mannvirkjagátt og málakerfi sveitarfélagsins.
- Útsetning lóða og aðrar mælingar.
- Samskipti við hönnuði, byggingaraðila, stofnanir og íbúa.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni á sviði skipulags- og byggingarmála.

### Menntun, reynsla og hæfniskröfur

- Krafa er um háskólapróf sem nýtist í starfi eða iðnmenntun á sviði byggingarmála.
- Reynsla á sviði skipulags- og byggingarmála er kostur.

- Þekking á forritunum AutoCAD og Qgis er æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði.
- Þekking á lagaumhverfi skipulags- og byggingarmála er kostur.
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð.
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember 2024.

Umsókn skal skilað á netfangið thorabjorg@hvolsvollur.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Þóra Björg Ragnarsdóttir (thorabjorg@hvolsvollur.is) skipulags- og byggingarfulltrúi og Anton Kári Halldórsson (anton@hvolsvollur.is) sveitarstjóri Rangárþings eystra.

## RAFVIRKJAR!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa. Um er að ræða viðhaldsvinnu hjá stofnunum og fyrirtækjum. Umsókn sendist á netfangið rafbodi@rafbodi.is.



Skeiðarás 3, 210 Garðabæ, sími 565 8096

## Starfsmaður í greinadeild

Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, leitar að öflugum starfsmanni í fullt starf í greinadeild.

### Helstu verkefni:

- Móttaka og umsjón með greinum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð íslensku- og tölvukunnátta
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Magnús Teitsson framleiðslustjóri í síma 569 1250 eða á magnus@mbl.is

### Umsóknarfrestur er til og með 8. desember næstkomandi.

Umsóknum skal skilað á arvakur.is/storf með starfsferilskrá.

mbl.is

Morgunblaðið

K100  
Hækkðu í gleðinni

## Við leiðum fólk saman

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

hagvangur.is

HAGVANGUR



# Tvö embætti héraðsdómara laus til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir tvö embætti héraðsdómara laus til umsóknar. Annars vegar er um að ræða embætti dómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjaness sem skipað verður í frá og með 13. mars 2025. Hins vegar er um að ræða setningu dómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur. Sett verður í það embætti frá og með 1. janúar 2025, eða hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda skilar ráðherra umsögn sinni, til og með 31. desember 2025.

Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnáhrifum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefnar fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 2. desember nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið [starf@dmr.is](mailto:starf@dmr.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um skipun og setningu liggja fyrir.

**Dómsmálaráðuneytinu**, 15. nóvember 2024.



Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið

## Ásland 4 – opið fyrir umsóknir



### Hafnarfjörður stækkar -27 nýjar lausar lóðir

Ásland 4 er nýjasta uppbyggingarsvæðið í Hafnarfirði. Við skipulag og hönnun hverfisins var rík áhersla lögð á heildræna sýn, vistvænt skipulag, grænt yfirbragð og fjölbreytt útisvæði. Stutt er í útivistarsvæðin við Hvaleyrarvatn auk skógræktar og fjölbreyttrar náttúru víðsvegar í upplandi bæjarins.

#### Opið fyrir umsóknir í 1. áfanga uppbyggingar

Opið er fyrir umsóknir um 22 lóðir fyrir einbýli og 5 raðhúsalóðir. Einstaklingar hafa forgang í úthlutun einbýlishúsalóða og einungis lögaðilar geta sótt um raðhúsalóðir. Umsækjendur, bæði einstaklingar og lögaðilar, sækja um tiltekna lóðir og er dregið úr umsóknum um hverja lóð. Lóðarverð endurspeglar hámarks byggingarmagn á lóð. Verð fyrir einbýlishúsalóðir er á bilinu 21-32 milljónir króna og raðhúslóðir 50-75 milljónir króna.

Nánari upplýsingar á:  
[hfj.is/asland4](http://hfj.is/asland4)



#### Umsóknarfrestur fyrir raðhúsalóðir er til og með 9. desember

Einbýlishúsalóðir fara í almenna úthlutun og eru teknar fyrir á næsta fundi bæjarráðs. Sótt er um rafrænt á Mínar síður á [hafnarfjorður.is](http://hafnarfjorður.is) - mikilvægt er að skila samhlíða inn öllum viðeigandi fylgiskjöllum til að umsókn um lóð teljist gild.



Hafnarfjörður

